



Stöndum með íslenskri framleiðslu

Áskorun á dómsmálaráðherra, alþingismenn og sveitarstjórnarfólk

Samtök íslenskra handverksbrugghúsa skora á dómsmálaráðherra að leggja frumvarp um netverslun með áfengi fram á nýjan leik og tryggja íslenskum handverksbrugghúsum rétt til að selja gestum sínum vörur á staðnum.

Íslensk handverksbrugghús eru nú á þriðja tug talsins. Þau tryggja um 200 manns störf í sinni heimabyggð og skila tugum milljóna í skatttekjur á ári. Brugghúsin framleiða vandaðar og eftirsóttar íslenskar vörur, draga til sín fjölda íslenskra og erlendra gesta og eru mikil lyftistöng fyrir lítil samfélög í nærumhverfi sínu, sem nokkur teljast til brothættra byggða.

Breytingar fyrir umhverfið, neytendur og frumkvöðlafyrirtæki

Rekstrarumhverfi handverksbrugghúsa á Íslandi er erfitt vegna fámennis, verulega hárra opinberra gjalda og íþyngjandi löggjafar. Íslensk handverksbrugghús mega samkvæmt gildandi lögum hvorki selja gestum sínum vörur til að taka út af framleiðslustað, né í öðrum verslunum en áfengisverslunum ríkisins. Starfsemi ÁTVR hentar þörfum lítilla brugghúsa um margt illa, enda gætu þau sjálf sinnt hluta sölnunnar betur og komið vörunni forskari á markað. Þannig fengist hún nær framleiðslu með minnkuðu fótspori og á hagkvæmari hátt, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir neytendur, umhverfið og afkomu brugghúsanna.

Erlendir aðilar mega nú selja íslenskum neytendum áfengi heim að dyrum í netverslun án takmarkana. Ef íslenskir framleiðendur vilja gera slíkt hið sama þurfa þeir að flytja vörur sínar til útlanda, til þess eins að þær verði fluttar heim aftur af erlendri netverslun með tilheyrandi kolefnisspori. Ljóst er að um óeðlilega mismunun er að ræða.

Covid-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á rekstur íslenskra brugghúsa og mun hafa enn meiri áhrif í haust, samhliða hruni í ferðapjónustu. Lagalegt jafnræði á sviði netverslunar og auknir möguleikar handverksbrugghúsa til beinnar sölu gætu því beinlínis orðið til þess að bjarga fjölmörgum frumkvöðlafyrirtækjum og þar með tryggja fjölda starfa um land allt og framtíðarskatttekjur.

Aukin áhersla á forvarnir

Breytingar þessar fela ekki í sér aukið aðgengi fólks undir lögaldri að áfengi, enda yrði það einungis selt á stöðum þar sem fólk á löglegum áfengiskaupaaldri má koma saman. Þá styðja samtökin strangar kröfur um eftirlit með aldri kaupenda. Í síðasta frumvarpi ráðherra var gert ráð fyrir leyfissviptingu og refsíabýrgð vegna ófullnægjandi aldurseftirlits. Samtökin fagna slíkum kröfum en benda á að engin slík ákvæði gilda um erlendar netverslanir. Loks telja samtökin mikilvægt að halda áfram öflugu forvarnarstarfi, sem sinna má enn betur ef tekjur af sölu áfengis í netverslun renna í vasa íslenskra skattgreiðenda, frekar en erlendra fyrirtækja.

Samtökin skora því á ráðherra, alþingismenn og sveitarstjórnarfólk að standa með íslenskum handverksbrugghúsum og standa þannig vörð um störf um land allt, vandaða íslenska framleiðslu og íslenskar skatttekjur.

Stjórn samtaka íslenskra handverksbrugghúsa

Í samtökunum eru eftirfarandi rekstraraðilar:

Austri brugghús – Egilsstöðum
 Álfur brugghús – Kópavogi
 Belgingur, Hið austfirzka bruggfelag – Breiðdalsvík
 Bjórsetur Íslands, brugghús – Hólum í Hjaltadal
 The Brothers Brewery – Vestmannaeyjum
 Brugghús Steðja – Borgarbyggð
 Bruggsmiðjan Kaldi – Árskógsströnd
 Dokkan brugghús – Ísafirði
 Flóki, Eimverk – Garðabæ
 Gæðingur öl – Kópavogi
 Húsavík öl – Húsavík

Jón ríki – Höfn í Hornafirði
 Litla brugghúsið – Garði
 Malbygg – Reykjavík
 Og Natura – Hafnarfirði
 RVK Brewing Co. – Reykjavík
 Segull 67 – Siglufirði
 Smiðjan brugghús – Vík í Mýrdal
 Ægir brugghús – Reykjavík
 Ölverk – Hveragerði
 Ölvisholt – Flóahreppi
 Öldur – Mosfellsbæ